

Fóðurfræði

Þróun á holdastigskvarða til að meta holdafar íslenskra hrossa

Tímabil: 1996-2001

Lýsing á verkefni: Nám við Hólaskóla hefur verið í sífelldri þróun. Kennsla á sviði hestamennsku hefur vaxið geysilega síðustu árin og miðast við sérhæfingu og fagmennsku á því sviði. Hin síðari ár eftir að til varð sérstök hrossabraut við skólann, hefur verið í þróun stigunarkvarði sem notaður er til að meta holdafar hrossa. Við Hólaskóla er komin mikil reynsla af því að nota þennan stigunarkvarða og hefur hann reynst hentugt hjálpartæki við mat á holdafari hrossa. Sambærilegir kvarðar eru til erlendis einkum fyrir stór hestakyn og því hentaði ekki að taka þá beint upp hér á landi. Þessi holdastigskvarði er einnig ætlaður til leiðbeiningar fyrir hvern þann sem fóðrar hross og sem viðmiðun við forðagæslu og gæðastýringu.

Birting niðurstaðna:

- Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir og Sigríður Björnsdóttir, 2001. Mat á holdafari hrossa. Eiðfaxi-ræktun. Bls. 60-65.
- Guðrún Stefánsdóttir og Sigríður Björnsdóttir, 2001. Mat á holdafari hrossa. Hrossaræktar-Freyr, bls. 50-51.

Meltanleiki vallarfoxgrass í íslenskum hrossum

Tímabil: 2003-

Samstarfsaðilar: Rannsóknastofnun Landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólinn í Uppsölum

Lýsing á verkefni: Tilgangur þessa verkefnis er að meta sjáanlegan (apparent) meltanleika 4 mismunandi gæða (mismunandi sláttutími) vallarfoxgrass í íslenskum hrossum, með heildarsöfnun á skít og þvagi. Hönnunin á tilrauninni er 4 ´ 4 latneskur ferningur (latin-square), þar sem hver lota er 20 dagar, 14 daga aðlögun og 6 daga söfnunartímabil. Sýnin sem tekin eru af fóðri, skít og þvagi eru fryst og síðan efnagreind. Niðurstöðurnar gefa ákveðnar grunnupplýsingar um íslenska hestinn sem jafnframt má nota til samanburðar við önnur hestakyn. Auk þess að stuðla að nákvæmari fóðurleiðbeiningum fyrir hross hérlendis og styðja að upptöku á nýju fóðurmatskerfi fyrir hross á Íslandi. Verkefnið er í gangi og er unnið sem mastersverkefni Sveins Ragnarssonar í fóðurfræði við Landbúnaðarháskólann í Uppsölum í Svíþjóð.

Mat á viðhaldspörfum íslenskra hrossa

Tímabil: 2003-

Samstarfsaðilar: Rannsóknastofnun Landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólinn í Uppsölum

Lýsing á verkefni: Tilgangur þessa verkefnis er að meta viðhaldsorkuþörf íslenskra hrossa útfrá lífvigtarbreytingum. Fylgst er með lífþunga 9 hrossa í 3-4 mánuði. Hrossunum er skipt í 3 hópa, þar sem hver hópur er fóðraður á mismunandi magni af sama fóðri, einn hópur er á yfirfóðrun, annar nálægt viðhaldsfóðrun og sá þriðji er undirfóðraður. Fóðrið er nákvæmlega vigtað í hrossin og þurrefnissýni tekin reglulega úr því. Hrossin eru vigtuð og holdstiguð vikulega og aðhvarf síðan reiknað útfrá lífvigtarbreytingum. Ætla má að niðurstöðurnar gefi góða nálgun að viðhaldspörfum hrossa við staðlaðar aðstæður hér á landi. Verkefninu er ekki lokið.